

Félag lóðarhafa að Kiðjabergi

Kt. 510795-2539

Ársreikningur 2025



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2025

Aðalfundur Félags lóðarhafa að Kiðjabergi (FLK) var haldinn 14. maí 2025 í sal sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi þar sem stjórnin var endurkjörin. Í henni sitja Stefán Pétursson, formaður, Bjarni Sigurðsson, gjaldkeri og Sigrún Sjöfn Helgadóttir, ritari. Varmenn voru einnig endurkjörnir, þau Magnús Magnússon og Sigurlína Gunnarsdóttir og eru þau alltaf boðuð á stjórnarfundi.

Vel heppnaður hreinsunardagur var í maí í samstarfi við golfklúbbinn. FLK festi einnig kaup á öflugum sláttuorfum til að slá lúpínu og eru þau staðsett í vélageymslunni hjá golfklúbbum, frjáls til afnota fyrir félagsmenn.

Fyrri hluta sumars bar nokkuð á þyrluflugi og landingum á svæðinu sem er með öllu óheimilt. Stjórnin setti sig þegar í samband við umboðsmann þess aðila sem fyrir þessu stóð og var lofað að flugi og landingum yrði hætt.

Félagið samdi við Baldur í Suðurtaki um viðhald á bundnu slitlagi á stofnbrautum í Kiðjabergi þar sem komnar voru holur eða aðrar skemmdir. Var þetta gert til að koma í veg fyrir frekari skemmdir á vegunum og tókust framkvæmdir vel. Stjórn ræddi alloft hvort leita ætti eftir skaðabótum frá lóðarhöfum sem öllu skemmdum á vegunum en slitlagið er þunnt og má ekki við miklu hnjaski. Það er því miður of algengt að verið sé að keyra beltavélar á slitlaginu og stunda þungaflutninga þegar jörð er blaut á vorin og þar með undirlag veganna. Stjórn ákvað að leita ekki skaðabóta þetta starfsár en vonast til að félagsmenn taki þetta til athugunar. Það var einnig samið við Baldur um snjómokstur á svæðinu í vetur, sem reyndist vera í lágmarki enda veturinn með afbrigðum snjóléttur.

Vatnsmálin voru sem fyrr þungamiðjan í vinnu stjórnarinnar. Góður áfangi náðist þegar samið var við Loft Magnússon og L.M. lagnir um umsjón með vatnsveitunni. Loftur er að setja sig inn í kerfið og mun koma með tillögur að úrbótum í framhaldinu.

Töluverð umræða var á árinu um nýtingarhlutföll og umsóknir einstakra félagsmanna til sveitarfélagsins um breytingar á þeim. Stjórn ályktaði ekki um þessi nýtingarhlutföll, enda stjórn allra félagsmanna og skipulagsmálin á hendi sveitarfélagsins.

Þá ræddi stjórnin að hraðakstur væri vandamál á vegum í landi Kiðjabergs án þess að leggja til sérstakar aðgerðir í því efni. Vill stjórnin hvetja lóðarhafa og gesti þeirra til að aka varlega á svæðinu þar sem vegir eru þröngir, nokkuð um blindhæðir og bæði golfbílar og gangandi vegfarendur á ferli.

Stjórn FLK þakkar félagsmönnum fyrir afar gott samstarf á síðasta starfsári

Ársreikningur fyrir Félag lóðarhafa að Kiðjabergi,

Kt. 510795-2539

Áritun stjórnar

Stjórn Félags lóðarhafa að Kiðjabergi hefur samþykkt ársreikning félagsins fyrir árið 2025.

Mái 2026

DocuSigned by:
Stefán Pétursson
9D192A81986442D...

Stefán Pétursson

Signed by:
Bjarni Sigurðsson
610897C0E21641D...

Bjarni Sigurðsson

Signed by:
Sigrún Sjöfn Helgadóttir
8756DC784B334FC...

Sigrún Sjöfn Helgadóttir

Áritun skoðunarmanns

Ég hef farið yfir ársreikning Félags lóðarhafa í Kiðjabergi og geri engar athugasemdir við reikninginn.

Mái 2026

Signed by:
Sniólfur Ólafsson
EAF485EE41E4460...

Sniólfur Ólafsson

Félag lóðarhafa að Kiðjabergi
Rekstrarreikningur 2025

Tekjur	2025	2024
Allar lóðir, félagsgjöld	7.815.324	7.317.717
Vaxtatekjur	1.324.661	1.312.710
Ýmsar tekjur	3.250	319.005
Félagsgjöld fyrra árs	0	449.311
Veghaldsstyrkur GOGG	500.000	0
Heildartekjur	9.643.235	9.398.743
Gjöld		
Bankakostnaður	17.965	40.345
Fjármagnstekjuskattur	291.425	288.796
Eftirlitsgjald Heilb.Selfoss/ Vatnsveita	40.041	60.493
Aðalfundur þjónusta, veitingar, salur	0	30.000
Landsamband sumarhúsaeigenda	240.000	180.000
Rafmagn vegna vatnsdælu	1.197.910	1.183.295
Rarik Orkusalan vegna myndavélar	0	33.448
Snjómokstur	80.002	408.896
Vegaframkvæmdir Suðurtak	2.674.179	1.361.371
VSÓ vegna vatnsveitu	203.732	1.849.336
Vöktun vatnsveitu	261.857	24.515
Kostnaður vegna innheimtu fél.gjalda	33.930	0
Ýmislegt	0	52.200
Sláttuorf	280.004	0
Afskriftir 5%	750.000	750.000
Heildargjöld	6.071.045	6.262.695
Tekjur umfram gjöld	3.572.190	3.136.048

Félag lóðarhafa að Kiðjabergi
Efnahagsreikningur 31.12.2025

	2025	2024
Eignir		
Vatnsveita	5.684.416	6.434.416
Bankareikningur / vegasjóður	24.875	23.739
Bankareikningur / árgjald	25.216.243	20.881.935
Veltureikningur	12.610	25.864
Inneign v snjómoksturs		0
Eignir alls	30.938.144	27.365.954
Skuldir	0	0
Skuldir alls	0	0
Eigið fé 01.01.2025	27.365.954	24.229.906
Hagnaður/Tap	3.572.190	3.136.048
Eigið fé	30.938.144	27.365.954
Skuldir og eigið fé samtals	30.938.144	27.365.954